

Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsið, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Bt Bjarni Þóroddson

Reykjavík, 5. september 2017

Varðandi: „BORGARSTJÓRN 16. janúar 2018: Fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um íbúðir sem Félagsbústaðir hafa keypt á árinu 2017 - R18010242“

Fyrirspurn:

Í grunnlýsingu vegna skuldabréfaútboðs Félagsbústaða sem birt var 5. janúar 2018, segir að félagið hafi keypt á árinu 2017 58 íbúðir og hafi samið um kaup á yfir 100 íbúðum sem afhentar verða á árinu 2018-2020. Þá er talið upp að íbúðum og búsetuúrræðum hafi fjölgað um 232 íbúðir frá 1.1.2013-30.9.2017. Þá er einnig skrifað þar að viðbúið sé að grípa verði til annarra lausna til að stækka safnið. Óskað er eftir yfirliti yfir þær 58 íbúðir sem keyptar voru á árinu 2017, sem og þær 232 íbúðir sem keyptar hafa verið á ofangreindu 5 ára tímabili. Þá er óskað eftir skriflegu svari um til hvaða annarra lausna Félagsbústaðir séu að horfa svo að hægt sé að stækka eignasafnið.

Svar Félagsbústaða er eftirfarandi:

Meðfylgjandi er yfirlit yfir fjölda og fjölgun íbúðaeininga í safni Félagsbústaða frá árinu 2010. Á tímabilinu 1.1.2013 – 31.12.2017 fjölgaði íbúðaeiningum í safni Félagsbústaða um 282 íbúðaeiningar. Ósamræmi í tölum í skráningarlýsingu stafa af því að skráningarlýsing telur eignir samkvæmt fasteignamatí, en hver eign getur innihaldið fleiri en eina íbúðaeiningu. Einnig var keypt töluvert af íbúðum á síðustu mánuðum ársins 2017, en yfirlit um fjölgun og fjölda í skráningarlýsingu nær til september 2017.


Á árinu 2017 voru keyptar 58 íbúðaeiningar og kaupum á tveimur íbúðum var rift þar sem ástand þeirra reyndist ófullnægjandi.

Markmiðum um fjölgun íbúða verði náð með því að:

- ✓ Kaupa íbúðir á almennum fasteignamarkaði
- ✓ Kaupa íbúðir úr verkefnum hjá óskyldum félögum eða nýbyggðar íbúðir af verktökum
- ✓ Kaupa íbúðir úr Reykjavíkurbúsum
- ✓ Byggja á vegum félagsins íbúðarhús á lóðum sem Reykjavíkurborg úthlutar félaginu.


Félagið undirbýr umsókn um lóð til Reykjavíkurborgar til byggingar á almennum félagslegum íbúðum.

Virðingarfyllt,



Framkvæmdastjóri Félagsbústaða hf
Auðun Freyr Ingvarsson

Fjöldi íbúða í eigu Félagsbústaða



Punktur

- Fjöldi félagslegra íbúða hefur vaxið á hverju ári frá árinu 2003 ef frá er talið árið 2010, en þá stóð heildarfjöldi í stað
- Í tengslum við kaupa FB á sérstækum búsetuúrræðum af ríkinu 2011 var byrjað að telja þau sérstaklega og flokka í skráum félagsins. Fram að því voru þau talin með almennum íbúðum. Almennum íbúðum fækka því ekki árið 2011 heldur er hætt að telja sérþæk búsetuúrræði sem almennar íbúðir.
- Áætlað er að fjölga íbúða um ríflega 650 í það heila hjá FB á árunum 2018-2022 til viðbótar við fjölgun upp á 272 íbúðir á árunum 2014 og 2017.

Staða í lok tímabils	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Almennar félagslegar íbúðir	1.842	1.786	1.790	1.800	1.817	1.901	1.926	1.975	2.080	2.247	2.401	2.530	2.555
Þjónustuíbúðir aldraðra	312	305	307	307	307	307	372	372	372	382	382	382	382
Sérþæk búsetuúrræði	0	115	115	115	118	118	140	147	166	187	226	232	232
Íbúðir samtals	2.154	2.206	2.212	2.222	2.242	2.326	2.438	2.494	2.618	2.816	3.009	3.144	3.169
Mannfjöldi í Reykjavík	118,3	118,9	118,8	119,8	121,2	122,6	123,8	124,9	126,0	127,1	128,3	129,4	130,6
Félagslegar íbúðir á 1000 íbúa	-	15,0	15,1	15,0	15,0	15,5	15,6	15,8	16,5	17,7	18,7	19,5	19,6
Heildarfjöldi íbúða á 1000 íbúa	-	18,2	18,6	18,6	18,5	19,0	19,7	20,0	20,8	22,1	23,5	24,3	24,3
Breyting frá fyrra tímabili													
Almennar félagslegar íbúðir	-2	-56	4	10	17	84	25	49	105	167	154	129	25
Þjónustuíbúðir aldraðra	2	-7	2	0	0	0	65	0	10	10	10	39	6
Sérþæk búsetuúrræði	0	115	0	0	3	0	22	7	19	21	39	6	6
Alls	0	52	6	10	20	84	112	56	124	198	193	135	25